

Alþingi
Erindi nr. P/122/1510
Mánudagur 26. 3. '98



98030003

9140

Nefndasvið Alþingis
Helga Þórisdóttir, nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 1998

/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 1998, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdir samkvæmt frumvarpinu, t. d. vinnsla jarðefna, vatnsorkuvirkjanir og jarðvarmavirkjanir geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 63/1993 og telur eðlilegt að þess sé getið. Einnig að framkvæmdirnar skuli vera í samræmi við skipulag skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. lög nr. 135/1997 og að þær geti verið framkvæmdaleyfisskyldar skv. 27. gr. sömu laga.

Skipulagsstofnun tekur að öðru leyti ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins.

Elín Smáradóttir